

**Nd.**

## **851. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þjóðleikhús.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað „ríkisstofnun“ komi: sjálfseignarstofnun.
  - b. Aftan við greinina bætist: Ríkisstjórnin skal afhenda stofnuninni þjóðleikhúsið fullgert að innan og utan ásamt nauðsynlegum leikhúsútbúnaði og tveim kvikmyndasýningarvélum, skuldlausu og kvaðalaus, eigi síðar en í árslok 1948.
2. Á eftir fyrstu gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Tekjur þjóðleikhússtofnunarinnar skulu vera:

  - a. tekjur af húseigninni,
  - b. lögákveðinn hluti skemmtanaskatts,
  - c. fjárveitingar, áheit, gjafir og aðrar óvissar tekjur.
3. Við 2. gr. Tölul. 3 og síðasta málsgr. falli burt.
4. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Þjóðleikhúsráð skipa fimm menn. Tveir skulu með hlutfallskosningum kosnir af Alþingi og tveir með hlutfallskosningum af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn fimmti skal kosinn af Leikfélagi Reykjavíkur, allir til tveggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar einn þessara manna formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins, sjá um fjárráð þess og efnisval.

Þjóðleikhúsráð ræður þjóðleikhússtjóra og fasta leikara þjóðleikhússins, en þeir skulu ráðnir til eins árs í senn, enda samþykki menntamálaráðherra fjölda þeirra og ráðningarkjör.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins, hvers um sig, og annað, er að stjórn eða fyrirkomulagi þess lýtur.
5. Við 5. gr. Greinin falli burt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, er kosin sé til eins árs í senn af þjóðleikhúsráði.
7. Við 9. gr. Greinin falli burt.